Uppreisnin í Kronstadt var ekki aðeins vopnuð atlaga gegn bolshevikum. Hún var einnig ábending til Leníns um að hann hefði gengið of langt og nú yrði hann að draga aðeins í land, ætlaði hann sér að varðveita einingu þjóðarinnar. Stefna sú, sem Lenín setti þá fram, var hin svokallaða NEP-stefna, Nýja efnahagsstefnan.

NEP-stefnan miðaði að því að halda aftur af óánægju bænda og verkalýðs, með því að koma lítillega til móts við kröfur þeirra. Síðla vors 1921 lýsti Lenín NEP-stefnunni á eftirfarandi hátt: Endi verður bundinn á korninnheimtuna og upptöku annarra landbúnaðarafurða í sveitunum. Verzlun verður gefin frjáls. Handverksmenn fá atvinnufrelsi. Erlendar fjárfestingar verði leyfðar í landinu. Athafnafrelsi (takmarkað) verður leyft hjá þegnum landsins.

Í stað korninnheimtunnar var tekin upp skattheimta. Greiddu bændur ákveðið hlutfall af umframmagni landbúnaðarafurða sinna í skatt, en það sem eftir var taldist þeirra eign. Eðlilega reyndu flestir bændur að selja allt umframmagn af korni og öðrum landbúnaðarafurðum og þannig varð NEP til að hleypa nýju blóði í verzlun og viðskipti innan Sovétríkjanna.

NEP-stefnan var aðeins stefnubreyting í efnahagsmálum, hvað stjórnmálafrelsi og tjáningafrelsi varðar var allt óbreytt. Hitt er þó öllu merkilegra að með NEP-stefnunni var að nokkru komið til móts við kröfur sjóliðanna í Kronstadt.

Meginkröfur verkfallsmanna í Gdansk nú eru verkfallsréttur, óháð verkalýðsfélög, afnám ritskoðunar og að pólitískum föngum verði sleppt úr haldi. Spurningin nú er sú, hvort ráðamenn í Póllandi fari ekki sömu leið og bolshevikar fyrir 59 árum. Gerð verði lítils háttar breyting á stefnunni í efnahagsmálum, en stjórnmálafrelsi og tjáningafrelsi verði takmarkað sem fyrr.

SEPTEMBER 1980

Kjallarinn



Helgi Þorgils Friðjónsson

Skemmtilegri er skeiðvöllurinn en ritvöllurinn, en stundum lætur maður þó eftir sér að skrifa eitthvert smáræði.

Nú finnst mér vera ágætt tækifæri til að skrifa um nýlistina, þegar höfuðandstæðingur hennar sýnir að Kjarvalsstöðum ásamt fleiri ágætum listamönnum. Þessi maður heitir Valtýr Pétursson og hefur skrifað mikið um nýlistina, um að þetta sé varla réttnefni, þar sem það sé ekkert nýtt að finna í þessu, flest hafi komið fram um 1920 með Dadamönnum. Svo talar hann um að annað eins og þetta komi varla til með að frelsa heiminn og sér þyki leitt að jafnvel nokkrir andans menn hafi tekið upp hanskann fyrir þetta föndur og fikt.

Varla held ég að maðurinn dæmi sínar myndir út frá sömu útgangspunktum, eða það skyldi þó aldrei vera að „Vegurinn suður" liggi suður í einhvern nýjan sannleik? Eða eiga svona stór orð bara við um unga listamenn, eins og t.d. þennan sem fann upp abstraktlistina?

Ef marka má orð kritikeranna er það nýlist, ef þeir skilja ekki listaverkið, — efnið sem það er búið til úr eða hugmyndina. Viðtækt skal það vera. Enda kallar fólk, sem nýtur fræðslu þessara manna, það nýlist þegar Hekla fór að gjósa, og einhverntíma held ég að Hermann Gunnarsson íþróttafréttamaður hafi hoppað upp í loftið og kallað það gjörning (sem er eins og menn vita einn anginn af því sem kallað er nýlist).

Þetta er sennilega það sama og kom upp á teninginn þegar fólk sagði um abstraktlistina, að apar og börn gætu nú gert annað eins og þetta, nema hvað nú eru það eldfjöll og íþróttafréttamenn.

Það hafa sem sagt fleiri mætt mótlæti en listamenn þeir, sem eru að koma fram á sjónarsviðið nú. Reyndar er það svo, að allar liststefnur hafa haft sína hugmyndafræði og allar hafa þær þurft að berjast fyrir sínu. Það er kannski broslegt að hugsa til þess að impressionistarnir, með alla sína ljúfmennsku í myndunum, hafi einhverntíma mætt hörðu mótlæti ágætra manna, sem hafa talið sig vera að forða myndlistinni frá glötun.

Mikið er klifað á því, að nýlistin sé bara innflutt tiskufyrirbrigði og hafi ekkert að gera hingað, þar sem allt á að vera svo þjóðlegt og settlegt. En þetta er eins og annað, — það er meira að segja hægt að klína erlendum áhrifum á Ásgrím Jónsson, sem allir halda að sé óskeikull málari þess sem þjóðlegt er.

Eitt er víst að ekki verðum við þjóðlegri með því að loka það af sem erlent er, málandi víkinga og víkingaskip. Hins vegar sjá menn eitthvað þjóðlegt í einum ágætasta málara okkar, Svavari Guðnasyni, þó hann hafi unnið með málurum nokkurra þjóða í hóp, sem kallaður var Cobra. Sama heyrði ég í Hollandi, að þeim þótti Sigurður Guðmudnsson ekki geta verið frá öðru landi en Íslandi, og þar erum við komin að manni sem flokkaður væri undir nýlist á þessum slóðum. Þetta er ekki meint þannig, að allir verði að vera þjóðlegir til að vera listamenn, heldur sem dæmi um það, að ekki þarf að loka sig frá öllu sem erlent er, til að vera gjaldgengur íslenskur listamaður. Hvort sem það er bara að fólk ímyndar sér að svona sé íslenskt vegna þess að það veit að maðurinn er þaðan, eða það sé um raunveruleg þjóðareinkenni að ræða.


Ég þykist greina einhvern svona þjóðarmun ef á heildina er litið og þá er hægt að nefna ameríska list og evrópska, þýska list og franska, hollenska og ítalska o.s.frv. Enda er ekkert eðlilegra en að mismunandi þjóðfélög alj af sér mismunandi þankagang, og að t.d. Íslendingur hafi uppeldið áfram inní sér þó hann flytjist úr landi.

Enn eru það þessir fjarlægu dómar sem lagðir eru á nýlistina, þ.e.a.s. menn sem dæma án þess að grennslast fyrir um hvað er að ræða. Ég hef reynt það sjálfur, að mætir menn, sem hafa talað um Dieter Roth sem niðurrifsafl í listum, breyttu um skoðun þegar þeir höfðu séð ágæta bók sem ég á, sem sýnir alla hans grafík, og fundist hann vera allur annar maður en þeir hugðu. Sem sagt, að menn, sem aldrei höfðu séð neitt eftir hann, höfðu myndað sér skoðun um list hans. Er það kannski oftar sem svona dómur fellur?

Helgi Þorgils Friðjónsson.



Botnssúlur séðar frá Kaldadal, vatnslitamynd eftir Jón Stefánsson máluð um 1930. Greinarhöfundur segir: „Það er meira að segja hægt að klína erlendum áhrifum á Ásgrím Jónsson, sem allir halda að sé óskeikull málari þess sem þjóðlegt er".



Greinarhöfundur segir: „Rekstur erlendra fyrirtækja á Íslandi er brenndur marki pukurs. Erlend fyrirtæki sem hér starfa birta litlar sem engar upplýsingar um rekstur sinn".

Fjölþjóðafyrirtæki og alræðisvald

Fjölþjóðafyrirtæki geta ekki verið rekin með tilliti til lýðræðis. Til þess að ná sem mestum gróða, verða þau að lúta miðstýrðri og samræmdri stjórn Sú stjórn er ekki kosin af starfsmönnum fyrirtækisins né af þegnum þeirra ríkja, sem fyrirtækin starfa í. Hún er kosin á hluthafafundi, en alger leynd ríkir um það, hverjir séu stærstu hluthafar og hvaða aðra hagsmuni þeir kunni að hafa. Útibú og dótturfyrirtæki fjölþjóða fyrirtækja eru yfirleitt rekin samkvæmt langtíma áætlun, sem samin er í höfuðstöðvum samsteypanna. Skipan og skipulag slíkra fyrirtækja byggist á alræðisvaldi. Fullyrðingar um valddreifingu innan fjölþjóða fyrirtækja hafa það eitt að markmiði, að slá ryki í augu fólks en eiga enga stoð í raunveruleikanum. Hitt má vel vera, að dótturfyrirtækjum fjölþjóða fyrirtækja sé leyft að ráða starfsfólk í minni háttar stöður og ákveða um smærri fjárútlát.

Hið ólýðræðislega eðli fjölþjóða fyrirtækja þykir eftirsóknarvert og aðdáunarvert í augum valdagráðugra manna víða um heim. Slíkir menn sækja fast eftir því, að vinna sig upp innan þessara fyrirtækja eða gerast milligöngumenn milli þjóða sinna og fyrirtækjanna. Það er í ljósi þessa sem ber að skoða samstarfið milli fjölþjóða fyrirtækja og flokksfyrirtækja í austantjaldsríkjum. Þetta blómlega samstarf varpar skýru ljósi á hugmyndafræðilegan skyldleika milli þessara aðila.

Nú heyrast aftur raddir um erlenda eða hálf-erlenda stóriðju og bendir margt til þess, að stóriðjupostularnir séu þegar í nánu sambandi við erlenda aðila vegna þessa máls. Þjóðin fær þó ekkert að heyra um þessi samskipti.

Leynd um rekstur erlendrar stóriðju

Rekstur erlendra fyrirtækja á Íslandi er einnig brenndur marki pukurs. Erlend fyrirtæki, sem hér starfa, birta litlar sem engar upplýsingar um rekstur sinn. Jafnvel alþingismönnum er neitað um ítarlegar rekstrartölur, þótt ákvarðanir alþingismanna hafi lagagildi og verði því að grundvallast á sem bestum heimildum. Opinberar stofnanir, sem hafa margvíslegu eftirlits- og stjórnunarhlutverki að gegna, fá annaðhvort ófullkomnar eða ómarktækar upplýsingar frá þessum fyrirtækjum. Þetta er reyndar ekki íslenskt sérvandamál, heldur almennt vandamál, sem opinberir aðilar víða um heim glíma við, þegar þeir takast á við fjölþjóða fyrirtæki.

Dæmi um þá leynd, sem virðist fylgja fjölþjóða fyrirtækjum, er sú staðreynd, að hvergi er til marktækt og sæmilega sundurliðað yfirlit yfir greiðslur ÍSAL til íslenska samfélagsins. Annað dæmi er frétt sem birtist í Vísi fyrir um tveim árum síðan. Aðspurður um laun forstjóra Íslenska járnblendifélagsins, svaraði stjórnarformaðurinn, Hjörtur Torfason, að þetta væri algert leyndarmál. Geta skal þess að Íslenska járnblendifélagið er að meirihluta í eigu íslenska ríkisins. Minnihlutaeign Elkem-Spigerverket í fyrirtækinu, er væntanlega notuð til þess að réttlæta leyndina. Rétt er að nefna í því sambandi að nefndur Hjörtur Torfason er viðriðinn starfsemi fleiri erlendra fyrirtækja á Íslandi, annaðhvort sem fulltrúi ríkisins eða sem fulltrúi hins erlenda aðila.

Eitt dæmi til viðbótar um þá vernd, sem er verið að veita erlendum aðilum á Íslandi, er að finna í ósamþykktu frumvarpi til laga um „upplýsingaskyldu stjórnvalda". Þar er m.a. kveðið á, að fyrirtæki, sem eru aðeins að hluta í eigu ríkisins, skuli undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Í ljósi þess, að rætt er um stóriðju í hlutaeign ríkisins, verður tilgangur áðurnefndrar undanþágu ljós.

Afstaða forráðamanna Ísal til lýðræðishátta er ekki betri en að ofan greinir. Þótt ÍSAL sé stærsta iðnfyrirtæki, sem starfar hér, virðist forstjóri fyrirtækisins líta með ódulbúnum hroka á venjulega landsmenn. Undirritaður hefur fyrir þrem árum — löngu áður en hann hóf skrif um erlenda stóriðju — beðið ÍSAL með bréfi að gefa sér upp almennar rekstrartölur, sem engan veginn myndu flokkast sem trúnaðarmál. Eftir fjölda símtala við aðstoðarmenn forstjórans, var undirrituðum loksins tjáð, að fyrirtækið myndi ekki svara erindinu, hvorki neitandi né með því að veita umbeðnar upplýsingar. Sami forstjóri réðst síðar meir með persónulegu níði að undirrituðum á síðum ÍSAL-Tíðinda, en meinaði ritstjóra ÍSAL-Tíðinda að birta svarerindi þess sem níddur var.

> **„... Eitt dæmi til viðbótar um þá vernd, sem er verið að veita erlendum aðilum á Íslandi, er að finna í ósamþykktu frumvarpi til laga um „upplýsingaskyldu stjórnvalda". Þar er m.a. kveðið á um, að fyrirtæki, sem eru aðeins að hluta í eigu ríkisins, skuli undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Í ljósi þess, að rætt er um stóriðju í hlutaeign ríkisins, verður tilgangur áðurnefndrar undanþágu ljós. ..."**

Fleira um „vestrænt lýðræði"

Geir Hallgrímsson, sem einnig mælir með erlendri stóriðju, bæði í ræðu og riti, hefur undarlegar hugmyndir um eðli „vestræns lýðræðis". Á meðan hann gegndi embætti forsætisráðherra fyrir nokkrum árum, fór hann til Bandaríkjanna til að sækja fund Bilderberg klúbbsins. Í þessum leyniklúbbi hittast áhrifamenn úr stjórnmála- og efnahagslífi „lýðræðisríkjanna" svonefndu, þ.m.t. eigendur og stjórnendur einokunarhringa. Þátttaka Geirs, forsætisráðherra Íslands, í fundi Bilderbergs vakti að sönnu undrun og kvíða. Því var hann beðinn að gera grein á Alþingi fyrir þátttöku sinni þar. Hann þverneitaði að gera það á þeim forsendum, að þátttaka hans þar kæmi engum við. Þó vita allir, sem vilja vita, að í þessum klúbbi gafst fyrrverandi forsætisráðherra tækifæri til að hitta forráðamenn stóriðjufyrirtækja, sem ágirnast íslenskar auðlindir.

Það er ekki tilviljun, að talsmenn fjölþjóða fyrirtækja skuli virða að vettugi lýðræðishætti og sjálfstætt framtak íslenskra borgara á sviði upplýsingamála. Það eru bein orsakatengsl milli arðsemi fjölþjóðafyrirtækja og hugmyndafræði alræðis, sem þau starfa samkvæmt.

Niðurlag

Andstöðu margra Íslendinga gegn **erlendri** ásælni er ekki beint gegn eðlilegu alþjóðlegu samstarfi, né gegn tækniþróun og aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu. Andstaðan er byggð á þeirri staðreynd, að lítið samfélag, eins og okkar, þolir illa að öflugir erlendir hagsmunaaðilar, sem starfa í skjóli pukurs og alræðisvalds forstjóra, fái hér starfsaðstöðu. Í kjölfar slíkrar aðstöðu, fá slíkir aðilar tækifæri til að beita áhrifum sínum á íslenska fjölmiðla, fá ítök í félagasamtökum og þrýstihópum og hafa frjálsar hendur til að kaupa sér hollustu dyggra þjóna meðal landsmanna. Um það, hvernig erlent fyrirtæki notar aðstöðu sína hérlendis til hins ítrasta, verður fjallað í annarri grein.

Elías Davíðsson.